

## Þjónusta VIRK

### Ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir úrræðaaðila og aðra samstarfsaðila

Þessu skjali er ætlað að veita upplýsingar um eðli þjónustu VIRK og leitast við að skýra hvenær það er viðeigandi og gagnlegt fyrir einstaklinga að leita aðstoðar ráðgjafa VIRK í starfsendurhæfingu þegar um er að ræða skerta starfsgetu vegna heilsubrests. Einnig eru settar fram í kafla 2 upplýsingar um tegund starfsendurhæfingar, markmið og úrræði út frá mismunandi hópum einstaklinga sem leita til VIRK. Innihald þessa skjals er eftirfarandi:

1	Hverjir hafa þörf fyrir starfsendurhæfingu í gegnum ráðgjafa VIRK? .....	1
2	Heildstæð þjónusta .....	2
3	Aðferðir við greiningu og mat .....	2
4	Tegund starfsendurhæfingar, markmið og úrræði m.v. mismunandi hópa einstaklinga .....	3
5	Hvenær er þjónusta VIRK viðeigandi þegar um er að ræða alvarleg heilsufarsleg vandamál? .....	4

## 1 Hverjir hafa þörf fyrir starfsendurhæfingu í gegnum ráðgjafa VIRK?

Þjónusta VIRK er fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Þau skilyrði sem einstaklingur þarf að uppfylla til að hafa gagn af þjónustu ráðgjafa VIRK eru eftirfarandi:

- Til staðar er heilsubrestur vegna veikinda eða slysa sem veldur skertri starfsgetu og veldur því að einstaklingur getur ekki sinnt starfi sínu. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma eða mjög tíðar skammtímafjarvistir sem rekja má til heilsubrests viðkomandi
- Einstaklingur stefnir að aukinni þátttöku á vinnumarkaði
- Einstaklingur hefur vilja og áhuga á því að vinna með ráðgjafa og öðrum fagaðilum í að efla vinnugetuna
- Einstaklingurinn er fær um að taka þátt í starfsendurhæfingunni þrátt fyrir heilsufarslegar hindranir. Þ.e. einstaklingur hefur lokið bráðameðferð á heilbrigðisstofnunum og er staddur á þeim stað í sínu bataferli að starfsendurhæfing er gagnleg og viðeigandi. Sjá nánari skýringar í kafla 5 hér á eftir.

## 2 Heildstæð þjónusta

Hjá VIRK er veitt heildstæð þjónusta á sviði starfsendurhæfingar fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Þjónustubörf hvers og eins er metin af ráðgjöfum í starfsendurhæfingu hjá stéttarfélögum um allt land og eftir aðstæðum hjá öðrum sérfræðingum. Einstaklingar leita alltaf fyrst til ráðgjafa í starfsendurhæfingu sem staðsettir eru hjá stéttarfélögum um allt land og engum er vísað í aðra þjónustu nema fyrst hafi átt sér stað mat hjá ráðgjafa og eftir aðstæðum öðrum sérfræðingum sem starfa fyrir sjóðinn.

Það er mikilvægt að allir úrræðaaðilar hafi þetta í huga þegar þeir ráðleggja einstaklingum að leita til ráðgjafa VIRK. Það gengur því ekki að beina einstaklingi til VIRK til að fá niðurgreidda þjónustu ef til dæmis skert starfsgeta er ekki til staðar. Það gengur heldur ekki að beina einstaklingi til VIRK með þau skilaboð að hann eigi að fá tiltekna þjónustu hjá tilteknum þjónustuaðila því greining og mat ráðgjafa og sérfræðinga VIRK á aðstæðum einstaklings ræður hvaða þjónusta verður fyrir valinu. Að sjálfsögðu hefur viðkomandi einstaklingur einnig mikið um þessa þætti að segja og allar ákvarðanir eru teknar í samvinnu við hann. Markmið með þjónustu frá VIRK er alltaf að einstaklingurinn fari aftur í vinnu og öll kaup á úrræðum miða að því að minnka þær hindranir sem einstaklingurinn upplifir gegn því að sinna venjubundinni vinnu sinni.

VIRK leggur áherslu á í allri sinni starfsemi að eiga gott samstarf við fagaðila og samráð við heimilislækni eða meðhöndlandi lækni einstaklings. Þetta er mikilvægt bæði varðandi mat á tímasetningu, gagnsemi starfsendurhæfingar og mat á viðeigandi úrræðum fyrir viðkomandi einstakling.

## 3 Aðferðir við greiningu og mat

Ráðgjafar VIRK nota samræmdar aðferðir til að meta þörf fyrir þjónustu – oft með aðstoð viðeigandi sérfræðinga. Hjá VIRK er í þróun starfshæfnismat sem er heilðrænt mat á möguleikum einstaklings til að taka virkan þátt í atvinnulífinu, út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum forsendum. Það metur styrkleika og tækifæri ásamt því að greina hindranir einstaklings m.t.t. atvinnuþátttöku. Litið er á starfshæfnismat sem eitt órofa ferli mats annars vegar og virkniaukandi aðgerða og/eða starfsendurhæfingar og meðferðar hins vegar. Starfshæfnismat VIRK felur í sér grunnmat, eftirfylgd og sérhæft mat þegar það á við.

Ráðgjafar nota einnig ýmsar aðrar aðferðir sem hafa bæði verið þróaðar af VIRK og öðrum aðilum. Hér er um að ræða þætti eins og samtal um endurkomu til vinnu, sérstaka gátlista og lífsgæðamælikvarða.

Niðurstaða úr ofangreindu mati leiðir ráðgjafa og viðeigandi sérfræðinga áfram í að meta þarfir á viðeigandi úrræðum. Þetta mat getur krafist nokkurra viðtala en það er þó mismunandi, stundum koma ákveðnar þarfir strax í ljós og þá er haft samband strax við viðeigandi úrræðaaðila.

## 4 Tegund starfsendurhæfingar, markmið og úrræði m.v. mismunandi hópa einstaklinga

Í töflunni hér á eftir eru upplýsingar um mismunandi nálgun í starfsendurhæfingu hjá VIRK út frá mismunandi stöðu einstaklinga:

Tegund Starfsendurhæfingar	“Staða einstaklings” Hvaðan kemur hann? Tímalengd veikinda?	Markmið	Úrræði / starfsendurhæfing
<b>A. Starfsendurhæfing á vinnustað</b>	<p><b>Bæði</b> eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Einstaklingur er í starfi, reynir að mæta í vinnu en á orðið erfitt með að sinna henni – er mikið eða oft frá vegna veikinda.</li> <li>Ástand/aðstæður einstaklings eru þannig að hætta er á því að viðkomandi heltist út af vinnumarkaði ef ekkert er að gert.</li> </ul>	<p>Styrkja vinnusamband og gera viðeigandi ráðstafanir á vinnustaðnum í samráði við yfirmann og viðkomandi einstakling svo hann geti haldið áfram að sinna sinni vinnu.</p> <p>Auka vinnugetu með viðeigandi ráðgjöf og úrræðum.</p>	<p>Áherslan skal fyrst og fremst vera á að vinna með einstaklingi og vinnustað að farsælli endurkomu til vinnu en ekki kaup á úrræðum.</p> <p>Kaup á úrræðum koma samt til greina en þá samkvæmt þeim reglum sem ráðgjöfum ber að fylgja þar um.</p> <p>Oftast er hér um að ræða léttari úrræði eða úrræði sem hafa beina tengingu við vinnu viðkomandi einstaklings.</p>
<b>B. Starfsendurhæfing þegar ráðningarsamband er til staðar</b>	<p>Einstaklingur hefur verið frá vinnu vegna veikinda í lengri tíma (meira en 4 vikur) en er í ráðningarsambandi / vinnusambandi.</p> <p>Heilsa og aðrar aðstæður einstaklings er þannig hátt að hindranir eru til staðar varðandi þátttöku á vinnumarkaði.</p> <p>Fær laun frá atvinnurekanda, bætur frá sjúkrasjóði stéttarfélags eða endurhæfingarlífeyri/örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum og/eða Tryggingastofnun ríkisins.</p>	<p>Styrkja vinnusamband og gera viðeigandi ráðstafanir á vinnustaðnum í samráði við yfirmann og viðkomandi einstakling svo hann geti haldið áfram að sinna sinni vinnu.</p> <p>Auka vinnugetu með viðeigandi ráðgjöf og úrræðum.</p>	<p>Úrræði eru keypt í samræmi við sett markmið og úrvinnslu úr verkfærum ráðgjafa.</p> <p>Oftast er hér um að ræða létt úrræði s.s. einstakir tímar hjá sérfræðingum eða stök námskeið.</p> <p>Þó er möguleiki á því að þyngri og sérhæfðari úrræði séu viðeigandi hér en það fer eftir mati ráðgjafa og sérfræðings hjá VIRK.</p>
<b>C. Starfsendurhæfing þegar ráðningarsamband er ekki til staðar</b>	<p>Einstaklingur hefur verið frá vinnu í skemmri eða lengri tíma og er ekki í ráðningarsambandi/vinnusambandi.</p> <p>Fær bætur t.d. frá sjúkrasjóði stéttarfélags, atvinnuleysisbætur, endurhæfingarlífeyri /örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum og/eða Tryggingastofnun ríkisins, félagsþjónustu sveitarfélaga eða er tekjulaus.</p>	<p>Að starfsendurhæfing skili einstaklingnum aftur út á vinnumarkað.</p> <p>Auka vinnugetu með viðeigandi ráðgjöf og úrræðum.</p> <p>Byggja upp nýtt vinnusamband í samvinnu við atvinnurekendur.</p>	<p>Úrræði eru keypt í samræmi við sett markmið og úrvinnslu úr verkfærum.</p> <p>Hér þurfa oft að koma til þyngri og tímafrekari úrræði hjá sérhæfðum starfsendurhæfingaraðilum en það er þó háð mati á aðstæðum hvers og eins.</p>

## 5 Hvenær er þjónusta VIRK viðeigandi þegar um er að ræða alvarleg heilsufarsleg vandamál?

Ef einstaklingur er í meðferð innan heilbrigðiskerfisins þá er oft ekki viðeigandi eða gagnlegt að hann hefji starfsendurhæfingu fyrr en tiltekinni meðferð þar er lokið eða er að ljúka. Hér þurfa viðkomandi einstaklingur, heilbrigðisstarfsmenn og ráðgjafar að leggja mat á stöðuna og þá möguleika sem eru til staðar. Það er t.d. mjög mikilvægt að heimilislæknir eða meðhöndlandi læknir viðkomandi einstaklings sé hafður með í ráðum.

Í töflunni hér á eftir eru settar fram leiðbeiningar/viðmiðanir um það hvenær það getur verið gagnlegt og viðeigandi fyrir einstaklinga að koma til VIRK þegar þeir glíma við alvarlegan heilsufarslegan vanda og eru í meðferð innan heilbrigðiskerfisins:

Nr.	Skilgreining á hópi	Á erindi til ráðgjafa VIRK?
1	Einstaklingar sem eiga ekki afturkvæmt á vinnumarkað vegna alvarleika sjúkdóms eða afleiðinga	Þessir einstaklingar hafa yfirleitt ekki gagn af þeirri starfsendurhæfingarþjónustu sem er í boði hjá VIRK.  Þeim er þó heimilt að panta tíma til að fá ráðgjöf um réttindi og stöðu.
2	Viðkomandi er með ráðningarsamning og fyrirsjáanlegt að ekki eru til staðar hindranir gegn því að hann komist aftur til vinnu án aðstoðar sérhæfðrar ráðgjafar í starfsendurhæfingu.	Nei. Þörf fyrir þjónustu ráðgjafa er ekki fyrir hendi.
3	Viðkomandi er með ráðningarsamband og gerir ráð fyrir því að fara aftur í vinnu. Fyrirsjáanlegar hindranir varðandi endurkomu til vinnu / þörf á aðstoð við skipulagningu á endurkomu til vinnu.  Er tiltölulega nýbyrjaður í meðferð og ekki á leið í vinnu næstu mánuði.	Hugsanlega, en oft ekki fyrr en læknismeðferð fer að ljúka og/eða viðkomandi hugar að endurkomu aftur til vinnu.  Viðkomandi getur leitað til ráðgjafa um hvernig best er að viðhalda vinnusambandi og virkni. Ekki er sjálfgefið að VIRK greiði fyrir virkniúrræði á þessu tímabili.  Hér reynir þó á mat í hvert og eitt sinn.
4	Viðkomandi er með ráðningarsamband og gerir ráð fyrir að fara aftur í vinnu. Fyrirsjáanlegar hindranir varðandi endurkomu til vinnu / þörf á aðstoð við skipulagningu á endurkomu til vinnu.  Læknismeðferð er að ljúka og viðkomandi er farinn að huga að endurkomu til vinnu.	Já
5	Viðkomandi er ekki með ráðningarsamband en stefnir á vinnu að meðferð lokinni. Fyrirsjáanlegar hindranir varðandi endurkomu til vinnu / þörf á aðstoð við skipulagningu á endurkomu til vinnu.  Er nýbyrjaður í læknismeðferð	Ef einstaklingur er nýbyrjaður í læknisfræðilegri meðferð þá er starfsendurhæfing oft ekki viðeigandi strax. Ekki fyrr en meðferð fer að ljúka og/eða viðkomandi hugar að endurkomu aftur til vinnu.  Viðkomandi getur sótt ráðgjöf til ráðgjafa um hvernig best er að viðhalda vinnusambandi og hvernig best er að viðhalda virkni.  Hér reynir þó á mat í hvert og eitt sinn.

Nr.	Skilgreining á hópi	Á erindi til ráðgjafa VIRK?
6	<p>Viðkomandi er ekki með ráðningarsamband en stefnir á vinnu að meðferð lokinni. Fyrirsjáanlegar hindranir varðandi endurkomu til vinnu / þörf á aðstoð við skipulagningu á endurkomu til vinnu.</p> <p>Er að ljúka meðferð</p>	Já

Yfirleitt er ekki viðeigandi að vísa einstaklingum til VIRK sem er tiltölulega nýgreindir og eru að byrja í lækni meðferð sem tekur margar mánuði eða eru að bíða eftir lækni meðferð eða greiningu.

Viðhald á vinnusambandi, virkni og það að viðhalda þreki eftir því sem kostur er, er mikilvægt. Ráðgjafi VIRK getur veitt stuðning og ráðgjöf hvað þessa þætti varðar en ekki er sjálfgefið að VIRK greiði fyrir aðkeypt úrræði á þessu tímabili.

Þegar einstaklingur er kominn yfir bráðafasa, kominn í bataferli eða jafnvægi komið á ástand hans er hann tilbúinn að fara að huga að endurkomu til vinnu og þá getur aðstoð ráðgjafa VIRK verið mikilvæg. Mikilvægt er að meta þörf fyrir aðstoð vegna hindrana gegn því að fara aftur í vinnu.